

Brjóstholsspeglun

Brjóstholsspeglun er gerð til að taka sýni frá lunga eða fleiðru til sjúkdómsgreiningar eða sem skurðaðgerð þar sem hluti lunga er fjarlægður.

Aðgerðin er gerð með speglunartæki þar sem gerðir eru 3-4 litlir skurðir, 0,5-2 cm í þvermál, ýmist hægra eða vinstra megin á brjóstkaða. Aðgerðin er gerð í svæfingu og er útskrift áætluð 1-2 dögum eftir aðgerð.

Blóðþynningarlyf

Hætta þarf töku blóðþynnandi lyfja fyrir aðgerð og er það gert í samráði við lækni.

Náttúru- og fæðubótarefni

Ráðlagt er að hætta notkun allra náttúru- og fæðubótarefna tveimur vikum fyrir aðgerð þar sem þau geta haft blóðþynnandi áhrif. Óhætt er að taka áfram inn vítamín og steinefni.

Tóbaksnotkun

Reykingar, nef- og munntóbaksnotkun hafa áhrif á bata eftir skurðaðgerð, geta seinkað því að sár grói og aukið hættu á fylgikvillum aðgerðar. Því er mikilvægt að hætta tóbaksnotkun fyrir aðgerð og vera tóbakslaus í að lágmarki tvær vikur eftir aðgerð. Þeir sem nota tóbak eru hvattir til að hætta og geta fengið aðstoð hjúkrunarfræðings og eftirfylgni í 12 mánuði eftir aðgerð hjá „Ráðgjöf í reykbíndindi“. Starfsmaður spítalans hefur þá samband við ráðgjafarþjónustuna en eins má hringja í gjaldfrjálsa símanúmerið 800 6030. Einnig er bent á www.reyklaus.is.

Undirbúningur fyrir aðgerð

Símaviðtal vegna svæfingar

Svæfingahjúkrunarfræðingur hringir í sjúkling nokkrum dögum fyrir aðgerð til að kanna hvort eitthvað er í heilsufarssögu sem þarf að taka tillit til við fyrirhugaða svæfingu og veita tækifæri til að spyrja spurninga. Ef eitthvað er óljóst eða nánari rannsókna er þörf, er boðað í innskriftarviðtal á spítalanum fyrir aðgerðina.

Í símaviðtalinu verður spurt um:

- fyrri reynslu af svæfingum
- ofnæmi eða óþol fyrir lyfjum
- hæð og þyngd
- áfengisneyslu og reykingar
- gervitennur og tannbrýr
- heilsufar og sjúkdóma
- lyfjanotkun, þar á meðal notkun náttúrulyfja og fæðubótarefna

Gott er að hafa lyfjalista við hendina, þar sem upplýsingar verða veittar í símtalinu um hvaða lyf má taka og hvaða lyf á ekki að taka fyrir aðgerðina, þar sem óæskilegt er að taka sum lyf fyrir svæfingu. Ef vandamál hafa komið upp eftir fyrri svæfingar, til dæmis miklir verkir, ógleði eða uppköst, er mikilvægt að segja frá því.

Kvöldið fyrir aðgerð

Fasta

Nauðsynlegt er að fasta fyrir aðgerð til að minnka hættu á fylgikvillum í tengslum við svæfingu. Löng fasta er þó ekki góð fyrir líkamann og fólki líður betur eftir aðgerð ef eftirfarandi leiðbeiningum er fylgt:

- Fá sér aukabita eða drykk áður en lagst er til svefns kvöldið fyrir aðgerð.
- Ekki má borða mat síðustu 6 klst. fyrir komu á spítalann.
- Óhætt er að drekka tæra drykki (1-2 glös í senn) þar til 2 klst. eru í komu á spítalann. Tær drykkur er t.d. vatn, tær ávaxtasafi og mjólkurlaust kaffi og te.
- Þegar á spítalann er komið veitir starfsfólk upplýsingar um hvort og hve lengi megi drekka fram að aðgerð.
- Ekki má nota tóbak síðustu 2 klst. fyrir aðgerð.

Annar undirbúningur

Við innlögn á deild er gott að hafa með sér snyrtivörur, tannbursta, inniskó, þægileg föt eða slopp og afþreyingarefni. Nota má farsíma en stilla þarf á hljóðlausa hringingu.

Aðgerðardagur

Nauðsynlegt er að fara í sturtu áður en komið er á spítalann og gæta þess að þrifa nafla vel. Ekki má nota svitalyktareyði, krem, fördunarvörur, naglalakk, ilmeftir eða skartgripir eftir sturtuna og klæðast þarf hreinum fötum.

Mæting er á dagdeild 13D á 3. hæð Landspítala við Hringbraut, að morgni aðgerðardags. Hafa þarf með öll lyf sem tekin eru daglega. Ekki má taka inn eigin lyf nema í samráði við hjúkrunarfræðing eða lækni.

Ef fjarlægja þarf bringuhár á aðgerðarsvæði er það gert á deildinni að morgni aðgerðardags. Óvæntar aðstæður geta valdið því að aðgerðartími breytist. Verkjalyf í töfluformi, sem verka í og eftir aðgerð, eru gefin áður en farið er á skurðstofu. Til að tryggja öryggi er endurtekið spurt um mikilvæg atriði svo sem nafn, kennitölu, ofnæmi, föstu og tegund aðgerðar. Þegar komið er á skurðstofu fer fram frekari undirbúningur fyrir aðgerðina.

Áætlaður aðgerðartími er 30-60 mínútur en skurðlæknir hringir í nánasta aðstandanda að aðgerð lokinni. Eftir aðgerð fer sjúklingur á vöknunardeild í 2-4 klukkustundir og þaðan á legudeild. Heimsóknir eru ekki leyfðar á vöknunardeild, en nánustu aðstandendum er velkomið að hringja.

Eftir aðgerð

Verkir

Búast má við verkjum á skurðsvæði eftir aðgerðina. Mikilvægt er að draga úr verkjum eins og kostur er því verkir geta seinkað bata. Verkjalyf eru gefin eftir þörfum. Sjúklingur metur styrk verkja á verkjakvarða þar sem 0 þýðir enginn verkur og 10 gríðarlegir verkir eða verstu hugsanlegu verkir. Ef verkur er til staðar þrátt fyrir verkjalyf er mikilvægt að láta vita. Markmiðið er að vera vel verkjastíll(ur), geta hreyft sig með góðu móti og andað djúpt.

0	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10
Engir verkir			Vægir verkir		Miðlungs verkir			Miklir verkir		Gríðarlegir verkir

Skurðsár og brjóstholsdren

Yfirleitt er lögð slanga gegnum húð inn í brjóstholið í lok aðgerðar, svokallað brjóstholsdren, til að hleypa út vökva og lofti og er hún er fjarlægð fyrir útskrift. Umbúðir eru yfir skurðsárum fyrstu dagana.

Öndun

Öndunaræfingar eru mikilvægar fyrir starfsemi hjarta og lungna og draga úr líkum á fylgikvillum eins og slímsöfnun í lungu eða lungnabólgu. Sjúkraþjálfari kennir öndunaræfingar fyrir aðgerð og miða á við að gera þær æfingar á klukkustundar fresti yfir daginn.

Hreyfing

Hreyfing er mikilvæg eftir aðgerð til að flýta fyrir bata og bæta starfsemi hjarta og lungna. Hún dregur úr líkum á fylgikvillum eins og blóðtappa eða lungnabólgu. Brjóstholsdren getur takmarkað hreyfingu fyrst um sinn en starfsfólk aðstoðar við hreyfingu eftir þörfum.

Matur og drykkur

Fyrst eftir aðgerðina er gefinn vökví í æð en byrja má að drekka og borða fljótlega eftir aðgerð.

Þvaglát

Eftir svæfingu getur komið fram tregða við þvaglát og því er mikilvægt að reyna að pissa fljótlega eftir að komið er á deild og láta vita ef það gengur illa eða lítið kemur af þvagi.

Svefn

Ekki er óeðlilegt að svefnmynstur breytist, sérstaklega fyrstu dagana eftir aðgerð.

Útskrift

Útskrift er áætluð 1-2 dögum eftir aðgerð. Tekin er lungnamynd og sár skoðuð fyrir útskrift.

Fylgikvillar

Ef fylgikvillar koma fram eftir aðgerðina, getur það lengt sjúkrahúsdvölinu. Mögulegir fylgikvillar er sýking í skurðsári, blæðing frá skurðstað og samfall á lunga.

Fyrir útskrift þarf að vera búíð að fá:

- útskriftarfræðslu
- rafrænan lyfseðil fyrir verkjalyfjum ef þörf er á
- endurkomutíma hjá skurðlækni
- tíma í saumatöku ef þarf

Símanúmer

Innskriftarmiðstöð 10E

543 2039

Dagdeild 13D, opin virka daga frá klukkan 7 til 19

543 7480

Hjarta- og lungna- og augnskurðeild 12G

543 7310

Sjúklingum og aðstandendum er velkomið að hringja ef spurningar vakna.

Vinsamlegast athugið að sjúkrahúsið getur ekki borið ábyrgð á peningum eða öðrum verðmætum svo sem sínum, tölvum o.fl. sem sjúklingar eða aðstandendur hafa meðferðis.

Athygli er vakin á því að starfsfólk og nemendur sjúkrahússins eru bundin þagnarskyldu og mega því ekki ræða um málefni sjúklinga á deildinni. Við viljum vinsamlegast biðja þig og aðstandendur þína að ræða ekki það sem þið kunnið að verða vitni að eða heyrið um aðra sjúklinga.

Landspítali er kennslspítali og nemendur í heilbrigðisfræðum og tengdum greinum stunda hluta af námi sínu á spítalanum. Nemendur fylgjast með og taka þátt í daglegri meðferð sjúklinga og eru alltaf á ábyrgð og undir handleiðslu leiðbeinenda sinna.

ÚTGEFANDI:

LANDSPÍTALI
SKURÐLÆKNINGASVIÐ
MARS 2018
LSH-949

ÁBYRGÐARMENN:

YFIRLÆKNIR OG DEILDARSTJÓRI
HJARTA- OG LUNGNASKURÐEILDAR

HÖNNUN:

SAMSKIPTADEILD